

Nd.

179. Frumvarp

til laga um að umsjón og fjárhald dómkirkjunnar í Reykjavík sje fengið söfnuði hennar í heudur.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja dómkirkjusöfnuðinum í Reykjavík í hendur umsjón og fjárhald dómkirkjunnar með þessum kjörum:

1. að kirkjunni fylgi 250000 krónur í álag.
2. að skuld kirkjunnar við ríkissjóð, ef nokkur verður, falli niður og
3. að söfnuðurinn heimili ríkisstjórninni afnot kirkjunnar við prestsvígslur, alþingissetningar og þess háttar tækifæri, gegn 600 króna gjaldi úr ríkissjóði árlega.

Greinargerð.

Ástæður fyrir frumvarpi þessu sjást ljóslega af brjefi því, sem hjer er birt.

»Á fundi Dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík hinn 13. desember síðastliðinn var samþykkt með samhljóða atkvæðum fundarmanna svofeld ályktun:

»Að gefnu tilefni lýsir Dómkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík því yfir, að sje það ósk eiganda Dómkirkjunnar, ríkissjóðs, að afhenda söfnuðinum kirkjuna, þá er söfnuðurinn fús til, fyrir sitt leyti, að taka alveg við fjármálum hennar gegn því:

- a. að ríkissjóður greiði í safnaðarins hendur 250000 krónur til að reisa söfnuðinum nýja kirkju til viðbótar Dómkirkjunni, eða hálfan byggingarkostnað nýrrar kirkju.
- b. að ríkissjóður greiði til Dómkirkjunnar í Reykjavík, sem árlegt tillag, 600 krónur gegn því að ríkisstjórnin hafi umráðarjett yfir kirkjunni þegar stjórnarvöld sjerstaklega þurfa, eins og við Alþingissetningu, prestastefnur og prestvígslur.

- c. að skuld Dómkirkjunnar við ríkissjóð, ef nokkur verður, falli niður.
- d. að fjármál kirkjugarðsins í Reykjavík verði aðgreind frá fjármálum kirkjunnar með sjerstökum lögum.

Jafnframt því er vjer leyfum oss að tilkynna hæstvirtu Alþingi ákvörðun þessa, leyfum vjer oss að gera nokkru nánar grein fyrir þessu máli.

Hvað eftir annað hafa þeir, sem farið hafa með stjórn þessa lands, óskað þess að Dómkirkjusöfnuðurinn tæki alveg við fjármálum Dómkirkjunnar, en það strandað á, að ekki hefir náðst samkomulag um fjárhæð þá, er kirkjunni skyldi fylgja frá ríkinu.

Nú er Dómkirkjan alt of lítil fyrir söfnuðinn, en erfitt eða ófært að stækka hana að mun svo vel fari, og því áhugi vaknaður á að reisa til viðbótar aðra kirkju, að líkindum á Skólavörðuhæðinni, stærri og veglegri en gamla Dómkirkjan er. Því kvaddi söfnuður og sóknarnefnd fyrir 2 árum 8 menn til að taka sæti í kirkjubyggingarnefnd til að athuga hvernig best yrði ráðið fram úr þessu máli.

Safnaðarfundir þeir, sem rætt hafa málið undanfarið, eru sammála þeir nefnd um, að samkvæmt landslögum beri kirkjueiganda að sjá viðkomandi söfnuði fyrir hæfilegri kirkju, en þó muni hjer hagkvæmara báðum aðilum, ríkinu og Dómkirkjusöfnuðinum, að báðir hjálpist að um fjárframlög til nýrrar kirkjubyggingar í Reykjavík, safnaðarfólkið verði miklu fúsara til þess, fyrir sitt leyti, ef kirkjurnar báðar verða safnaðareign, og ríkið þá laust við að leggja síðar fje til kirkna Reykjavíkur.

Er þegar stofnað til fjársöfnunar innan safnaðarins í þessu skyni, annast hana um 90 sjálfbodaliðar.

Óskin um að fjármál kirkjugarðsins í Reykjavík sjeu aðgreind frá fjármálum Dómkirkjunnar með sjerstökum lögum er aðallega af því sprottin, að þar sem hjer í bæ eru þúsundir utanþjóðkirkjumanna, og líkindi til að þegar fram líða stundir, skiftist Dómkirkjusöfnuðurinn í m. k. 2 söfnuði, hvor með sína kirkju, þá virðist óeðlilegt að nokkur einn söfnuður hafi allan veg og vanda af þeim kirkjugarði, sem ætlaður er öllum bæjarbúum.

Þar sem Dómkirkjan er ríkiseign er það hlutverk hins háa Alþingis að skera úr, hvort það vill semja við Dómkirkjusöfnuðinn um þessi mál á framangreindum eða öðrum svipuðum grundvelli. Vjer leyfum oss að mælast til þess, fyrir safnaðarins hönd, og erum að sjálfsögðu fúsir til að senda fulltrúa á fund þeirrar þingnefndar, er málið verður falið, ef þess verður óskað.

Reykjavík, 7. mars 1929.

Í sóknarnefnd og kirkjubyggingarnefnd:

Sigurbjörn Á. Gíslason. Bjarni Jónsson. F. Hallgrímsson. Jón Halldórsson. Jón Gunnarsson. Pjetur Halldórsson. Sveinn Jónsson. Sigurbjörn Þorkelsson. Matthías Þórðarson. Ólafur Lárusson. Magnús Blöndahl.

Til Alþingis 1929.

Erindi þetta var sent háttv. fjárveitinganefnd. Sendi hún biskupi erindið til umsagnar, og ritaði hann fróðlegt brjef um þetta kirknamál Reykjavíkur. Í því brjefi segir biskup svo:

»Dómkirkjan í Reykjavík hefir sjerstöðu meðal allra kirkna landsins sem dómkirkja, og er þar af leiðandi í alveg sjerstökum skilningi ríkiseign og hefir verið það frá fyrstu. Til eru nokkrar kirkjur aðrar, sem teljast ríkiseign (t. a. m. Langholts- og Þykkvabæjarklausturskirkjur, Hvanneyrar-, Staðarfells-, Hóla- og Eiðakirkjur), en á þeim kirkjum stendur öðruvisi en dómkirkjunni, þar sem þær sumpart hafa sem klaustraeignir orðið eign ríkisins, eða verið keyptar af ríkinu eða loks gefnar því (eins og Staðarfellskirkja). Nú er það tvímælalaust skylda hvers kirkjueiganda að sjá söfnuði hlutaðeigandi kirkju fyrir viðunanlegu guðsþjónustuhúsi. Og sama skylda hvílir á hinu opinbera að því er dómkirkju-söfnuðinn snertir, þegar kirkja sú, sem honum er ætluð, er orðin langsamlega of lítil fyrir söfnuðinn. Kirkja þessi var að stofninum til reist á árunum 1787—92, 35 áln. á lengd og 20 áln. á breidd. Þótti hún, sem gefur að skilja, veglegt hús á þeim tímum, enda var söfnuðurinn allur lítið á 4. hundrað manns. En þegar leið að miðbiki 19. aldar og bærinn tók að vaxa, þótti kirkjan orðin of lítil og var þá ný hæð sett ofan á hana, forkirkja framan við og kór aftur úr. Þetta gerðist á árunum 1845—47. Þá munu hafa verið í sókninni allri um 1200 manns, en kirkjan þannig endurbætt rúmaði í sætum 8—900 manns. Nú er tala safnaðarlima orðin rúm 16 þúsund manns, en kirkjan hin sama og var fyrir 80 árum. Verður því ekki sagt, að ofmælt sje að dómkirkjan sje nú orðin lítt viðunandi guðsþjónustuhús fyrir söfnuðinn, sem þangað á sókn. Hinsvegar er dómkirkjan sjóðlaus með öllu, því að tekjur hennar hafa ár hvert gengið til þurðar, sumpart til venjulegra árlegra útgjalda, en sumpart til greiðslu vaxta og afborgana af því fje, sem ríkissjóður hefir talið kirkjuna skulda sjer. »Skulda« kirkjunnar við ríkissjóð var í ársbyrjun 1928 talin: kr. 10185,13. Með þessum hætti hafa á hverju ári etist upp allar árstekjur dómkirkjunnar og ekkert getað safnast í sjóð. Samkvæmt síðasta reikningi urðu allar tekjur kirkjunnar 11160,22 kr., en útgjöldin (að meðtalinni nýnefndri greiðslu vaxta og afborgana) 11201,05«.

Ennfremur segir í brjefi biskups:

»Það má nú vitanlega ávalt segja, að jafnfjölmennum söfnuði ætti ekki að vera ókleift af eigin efnum að koma sjer upp viðunanlegu kirkjuhúsi handa söfnuðinum styrktarlaust, þótt það kynni að kosta alt að 500 þús. kr. En jeg geri ráð fyrir að söfnuðurinn haldi því fram sem skýlausum rjetti sínum, að kirkjueigandi leggi fram að sínum hluta að minsta kosti eitthvað af kostnaðinum, og get jeg fyrir mitt leyti ekki láð honum það, svo mikið sem hann ár hvert leggur á sig af gjöldum vegna kirkju sinnar. Safnaðargjöldin sem greidd eru af dómkirkjusöfnuðinum nema nú c. 50 þús. krónum á ári (árið 1927 voru þau:

Prestgjald 14510.50

Kirkjugjald 12008.75

Sönggjald 12000.00

Kirkjugarðsgjald 10000.00 48519.25), svo að það

verður ekki ósanngjarn talið, þótt söfnuðurinn sje ófús að taka við kirkju sinni

slyppri og snauðri, vitandi, að hann um leið tekur á sig þá skyldu að byggja þegar í stað nýja kirkju, sem fullnægi kröfum safnaðarins. Einnig má líta á það, að þessi söfnuður hefir á hverju ári nm allmörg ár borgað að minsta kosti tvöfalt gjald til Prestlaunasjóðs við það sem honum bar, miðað við tölu þjónandi presta sinna. Og loks er á það að líta, að söfnuðurinn gerir *ekkert* tilkall til þeirra jarðeigna, sem dómkirkjunni hafa fylgt sem hennar eign, en flestar hafa verið seldar til tekna fyrir ríkissjóð. Þessar jarðir vorn til skamms tíma: Neðri-Háls í Kjós, Breiðholt í Mosfellssveit, Bygggarður og Bakki á Seltjarnarnesi, Forsæti í Landeyjum, með hjáleigunni Hraukur, og Sigluvík í Landeyjum með hjáleigunum Klauf og Glæsistöðum. Eru þær nú metnar í fasteignamatinu frá 1922 á samtals 40500 kr. (húsalausar), en af þeim eru nú aðeins tvær óseldar, sem sje Bygggarður og Bakki á Seltjarnarnesi. Þegar á allt þetta er litið og þess ennfremur gætt, að kirkja sú, sem hjer er í ráði að reisa, á að vera höfuðkirkja landsins, verður það ekki talið nema sanngjarnt í alla staði, að ríkissjóður leggi það fram, sem farið er fram á, gegn því hjeðan í frá að losna við alla ábyrgð af kirkju þessari.

Með þessu mun mál þetta liggja svo ljóst fyrir sem þörf er á. Þó að 250000 krónur sje að vísu töluverð upphæð, þá er þess að gæta, að í þessu prestakalli býr nú um $\frac{1}{4}$ allra landsmanna. Hjer er líka um beinan fjárhagsljetti að ræða fyrir ríkið, því að það kemst aldrei til lengdar undan því að greiða úr kirknamáli Reykjavíkur, úr því að svo stendur á, að það er kirkjueigandi hjer.

Búast má við því, að ný kirkja hjer verði afardýr. Sumir hafa nefnt 500000 krónur, en það er alt of lágt. Mun tæplega verða mikið undir 1 milljón króna, og er þá ríkissjóðshlutinn ekki hár. Ennfremur er það á valdi ríkisstjórnarinnar að semja þannig um greiðsluna, að ekki komi há upphæð á hvert ár.